

Fari svo, að nægilega margir hluthafar eigi neyti forkaupsréttar, þannig að tilskilin upphæð náist, skal stjórn bankans heimilt að bjóða öðrum og nýjum hluthöfum aukinn hlut á því verði, sem hún ákveður.

Réttur hluthafa til að skrá sig fyrir hlutafjárútkningu þeirri, sem að framan greinir, gildir til 1. ágúst 1967, og er áskrift bindandi fyrir hluthafa. Hlutaféð skal aukið um 6 milljónir króna á ári hverju um sig, 1967, 1968 og 1969. Skal hluthöfum veittur kostur á að greiða hlutafjáruka með jöfnum afborgunum á greindum þremur árum. Gjald dagar innborgunar eru tveir á árunum 1968 og 1969, þ. e. 1. apríl og 1. október, en á árinu 1967 er hann einn, 1. október.

Um hin nýju hlutabréf gilda sömu reglur og um annað hlutafé í bankanum.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi bankans 8. apríl 1967 í samræmi við 34. gr. samþykktta fyrir Verzlunarbanka Íslands, staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkur- prófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu áliti biskupsins yfir Íslandi, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkur-prófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963.

14. töluliður falli niður.

8.—9. töluliður orðist svo:

8.—9. **Háteigsprestakall** (I—II): Háteigssókn takmarkast af Hallgrímsprestakalli að vestan, Reykja, Reykjanesbraut að sunnan til Kringlumýrarbrautar, síðan ræður Kringlumýrarbraut að Miklubraut, þá Miklabraut að Háaleitisbraut og Háaleitisbraut að Safamýri, en síðan ræður Safamýri og Ármúli að Hallarmúla, Hallarmúli að Suðurlandsbraut, þá Suðurlandsbraut að Nóatúni og Nóatún í sjó.

15. töluliður orðist svo:

15. **Grensásprestakall**: Grensás sókn takmarkast að Háteigssókn að vestan og Bústaðavegi að sunnan, síðan ræður Grensásvegur frá Bústaðavegi að Miklubraut, þá Miklabraut til austurs að Suðurlandsbraut og Suðurlandsbraut að Hallarmúla.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar. Sóknargjöld fyrir árið 1968 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. marz 1968.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.